

## Samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga

14. fundur í samstarfsnefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2, mánudaginn 21. febrúar 2022, kl. 16:00.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson formaður. Siggeir Stefánsson og Miriam Blekkenhorst. Frá Svalbarðshreppi; Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Sigríður Jóhannesdóttir og Ragnar Skúlason. Einnig sátu fundinn Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar. Róbert Ragnarsson ráðgjafi og Freyja Siggeirsdóttir í fjarfundarsambandi. Björn S. Lárusson skrifstofustjóri ritaði fundargerð.

### Dagskrá

Formaður setti fund og kynnti dagskrá.

1. Kynning á niðurstöðum umræðu í nefndum sveitarfélagsins um sameiningarmál
2. Framhald umræðu skjals frá síðasta fundi (þ.m.t. fjallskilumræðu)
3. Næsti fundur
4. Önnur mál

### Fundargerð

#### 1. Kynning á niðurstöðum umræðu í nefndum sveitarfélagsins um sameiningarmál

Kynntar bókanir frá nefndum Langanesbyggðar, byggðar á umræðum í nefndunum um hlutverk þeirra eftir sameiningu.

Nefndin fór yfir niðurstöður nefnda Langanesbyggðar um hlutverk þeirra og framtíðarskipan.

#### 2. Framhald umræðu skjals frá síðasta fundi, Umræðu um fjallskilamál frestað til næsta fundar

Farið yfir ferlið, niðurstöður viðræðna og þá málaflokka sem hafa verið til umræðu. Orðalagsbreytingar á einstaka þáttum sem ekki eiga við eða þarfnast frekari skýringa. Fjallað um verkefnið sjálft, helstu niðurstöður könnunarviðræðna, fræðslumál, atvinnumál, íþróttáæskulýðs og frístundamál, jarðamál, fjármál, fjárhagsáætlanir og stjórnsýslu.

Sérstaklega tekið til umræðu álagning fasteignagjalda og hugsanlega samræmingu á gjaldtöku. Jónas, Sigurður og Róbert koma með tillögu að texta og útreikninga varðandi fasteignagjöld.

**3. Næsti fundur**

Mánudaginn 28. janúar kl. 16:00

**4. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:45